




Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndaritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2010
Tilvísun: HI10050095/0.3

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði (271. mál).

Háskóla Íslands hefur borist framangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Meðfylgjandi er umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum um tillöguna og vísar háskólinn til þess sem þar kemur fram.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. júní 2010

Efni: Umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) við Háskóla Íslands um 271. mál, þskj. 312, 138. íþ., tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Almennar athugasemdir

Í ljósi ójafnrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði og viðvarandi launamuns kynjanna ber að fagna tillögum um aðgerðir til að leiðréttingar á þeirri stöðu. Hefðbundin kvennastörf eru ekki metin að verðleikum og ekki til jafns við önnur störf. Þetta hlýst af djúpstæðu kynjuðu verðmætamati sem þarf að vinna gegn með markvissum hætti, fjölbættri nálgun og samræmdum aðgerðum ólíkra aðila með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Í þessu samhengi hefur ítrekað verið bent á að brýnt sé að gripið sé til aðgerða til að jafna námsval kynjanna eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni.¹

Til að koma í veg fyrir að mannaúður fari til spillist og tryggja rétt beggja kynja til að fullnýta hæfileika sína í þágu samfélagsins er mikilvægt að grípa til aðgerða til að jafna námsval kynjanna í þeim greinum þar sem verulega hallar á annað kynið eins og til dæmis í hjúkrunarfræði, félagsráðgjöf, uppeldis- og menntunarfræði, vélaverkfræði, iðnaðarverkfræði, tölvunarfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði. Á sama hátt skiptir máli að námsgreinar njóti góðs af upplifun og reynslu beggja kynja og aðkomu fólks með ólíkan bakgrunn. Sýnt hefur verið fram á að þannig mæti þær betur mörkpættum kröfum samfélagsins, breytingum á atvinnumarkaði og sífellt fjölbreytilegra mannlífi.

¹ Jafnréttisþing 2009. *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum.* Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Hérlendar og erlendar rannsóknir benda til þess að helstu ástæður fyrir því að í sumum námsgreinum sé kynjahlutfallið sérstaklega ójafnt séu kynbundnar staðalímyndir um námsgreinarnar og tengd störf.² Það skiptir máli að tryggja að ríkjandi menning innan slíkra námsgreina og tengdra starfa sé þannig að hún jaðarsetji ekki annað kynið. Einnig hefur verið bent á mikilvægi þess að inntak námsins, kennsluaðferðir og fyrirmyndir innan námsgreinanna höfði jafnt til karla og kvenna.³ Það er ljóst að ólíkar ástæður valda því að karlar annars vegar og konur hins vegar velja ekki ákveðin fög. Það má til dæmis nefna að rannsóknir hafa leitt í ljós að konur vanmeta gjarnan getu sína og telja sig ekki hæfar til að læra fög eins og vélaverkfræði, iðnaðarverkfræði og tölvunarverkfræði og að karlar telji vanvirðingu felast í því að velja hjúkrunarfræði eða uppeldis- og menntunarfræði.⁴ Allar aðgerðir til að jafna námsval kynjanna þurfa að taka mið af þessum ólíku ástæðum ef þær eiga að vera vænlegar til árangurs.

Við Háskóla Íslands hefur verið ráðist í ýmis átaksverkefni til að jafna námsval kynjanna bæði í formi kynninga og auglýsingaherferða sem og í formi beinna styrkja til nemenda svo sem eins og til karla í félagsráðgjöf og til kvenna í verkfræði. En þessir styrkir hafa bæði komið frá Reykjavíkurborg og aðilum á vinnumarkaði. Hér skiptir máli að skoða árangur slíkra átaksverkefna. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir jafnréttisnefnd Háskólans um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003-2007 er leitt að því líkum að mögulega hafi átaksverkefni sem ráðist var í árið 2001, og fólst í viðamikilli kynningu á námi í verkfræði og tölvunarfræði í Háskóla Íslands, skilað einhverjum árangri þar sem nokkur aukning var á hlut kvenna í véla- og iðnaðarverkfræði í kjölfarið. Einnig gerir skýrsluhöfundur að því skóna að ástæðan fyrir fjölgun karla í hjúkrunarfræðideild úr átta nemendum í 20 nemendum á tímabilinu sé komin til vegna átaksverkefnis sem ráðist var í árið 2002 og miðaði að því að fjölga karlmönnum í hjúkrun.

Þó svo að slík átaksverkefni innan háskólanna í formi viðamikilla kynningarátaka og einhverja styrkja geti skilað nokkrum árangri er ljóst að betur má ef duga skal. Eigindleg rannsókn Þórðar Kristinssonar um upplifun karla á hjúkrunarnámi varpar til dæmis ljósi á þær margþættu ástæður sem standa í vegi fyrir auknum hlut karla í hjúkrun.⁵ Í skýrslunni eru settar fram niðurstöður eigindlegrar rannsóknar sem byggist á viðtölum við 10 karla sem höfðu skráð sig til náms í hjúkrun við Háskóla Íslands. Skýrslan var unnin í kjölfar áðurnefnds kynningarátaks sem meðal annars hafði það að markmiði að auka hlut karla í hjúkrunarnámi. Markverðustu niðurstöður rannsóknarinnar voru þessar:

² Erla Hulda Halldórsdóttir (2004). *Staða og þróun jafnréttismála 1997-2002*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

³ Auður Magnús Leiknisdóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Friðrik H. Jónsson (2009). *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2003-2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

⁴ Erla Hulda Halldórsdóttir (2004). *Staða og þróun jafnréttismála 1997-2002*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

⁵ Þórður Kristinsson (2005). *Upplifun karla á hjúkrunarnámi. Hvað stendur í vegi fyrir auknum hlut karla í hjúkrun?* Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

- Viðmælendum fannst að átakið 2001-2002 skilaði sér ekki til sín.
- Námsefnið og kennslan í klásus við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands virðast ekki vera beint frekar að konum en körlum.
- Viðmælendur fundu fyrir óþægilegri athygli frá nemendum og kennurum sökum kynferðis síns.
- Viðmælendur töldu klásusinn vera sína helstu hindrun og vildu gjarnan sjá aðra inntökuleið í námið.

Tillögurnar til úrbóta eru eftirfarandi:


- Ráðist verði í nýtt átak sem beinist einungöngu að körlum.
- Komið verði á samstarfi við Atvinnumiðlun stúdenta og álíka stofnanir þar sem karlar verði sérstaklega hvattir til að vinna umönnunarstörf.
- Námsráðgjafar við Háskóla Íslands verði fengnir til samstarfs og/eða fræddir um hvernig þeir geta komið að því að auka hlut karla í hjúkrun.
- Komið verði á umræðu um jafnréttismál og stöðu karla sem minnihlutahóps í hjúkrun innan hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands.
- Reyndari karlkyns hjúkrunarfræðinemar og starfandi karlkyns hjúkrunarfræðingar verði virkjaðir í e.k. stuðningshóp fyrir karla sem eru að hefja nám í hjúkrun og til kennslu strax á fyrsta misseri.
- Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands endurskoði klásus fyrirkomulag.

Það er því ljóst að þörf er á fjölþættari nálgun og samræmdum aðgerðum ólíkra aðila ef raunverulega á að takast að jafna námsval kynjanna. Í þessu samhengi má einnig benda á rannsóknir Guðbjargar Vilhjálmsdóttur, dósentis í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, sem benda til þess að ekki nægi að halda úti átaksverkefnum um jafnara námsval í háskólum heldur þurfi að byrja mun fyrr, eða strax á grunnskólastiginu, að fræða nemendur um nám og störf með það að markmiði að brjóta upp kynbundar staðalmyndir um nám og störf.⁶

Tillagan um að nýta megi LÍN til að hvetja fólk til jafnara námsvals er áhugaverð. Hins vegar er ekki ljóst af greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögunni hvort þessi leið sé raunverulega líkleg til að bera árangur. Frekari upplýsingar er þörf, til dæmis um hvort sambærileg nálgun hafi gefist vel annars staðar. Einnig er hvatt til þess að þessi leið sé skoðuð í samhengi við fjölþættari nálgun til að jafna námsval kynjanna. Sértekar aðgerðir til að jafna hlut kynjanna eru jafnan umdeildar og því mikilvægt að vandað sé til verka á öllum stigum ef af stað er farið.

Virðingarfyllt

f.h. Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands


 Irna Erlingsdóttir, forstöðumaður

⁶ Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (2005). Þarf að fræða ungt fólk um nám og störf? *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 97-103). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.